**Útskrift nemenda og útgáfa prófskírteina**

Verkmenntaskólinn á Akureyri

# 1 Framkvæmd

## 1.1 Útgáfa prófskírteina og útskrift nemenda

Vinnuferlinu sem hér er lýst í eftirfarandi flæðiriti með skýringum á við nemendur sem útskrifast af D-stigi vélstjórnar, iðnbrautum, starfsnámi, starfsbraut og stúdentsprófsbrautum:



Hafi nemandi lokið styttri námsleið s.s. grunnnámi iðngreina eða A, B eða C réttindum vélstjórnar, getur hann óskað eftir því að fá útgefið skírteini sem staðfestir námslok.

## 2 Ábyrgð

- Áfangastjóri ber ábyrgð á að senda út skráningarform til útskriftar á alla nemendur við upphaf annar.
- Nemandinn ber ábyrgð á að fylgjast með námsframvindu sinni og tilkynna sig til útskriftar í upphafi útskriftarannar.
- Sviðsstjóri ber ábyrgð á að fara yfir námsferil nemanda í upphafi annar og staðfesta nemendur sem útskriftarefni ef þeir uppfylla skilyrði til útskriftar.
- Áfangastjórn heldur utan um lista með útskriftarefnum og starfsmenn skrifstofu bera ábyrgð á að öll gögn, sem nemandinn á að fá við útskrift séu stimpluð, undirrituð og sett í umslag merkt honum.
- Skólameistari ber ábyrgð á útskriftarathöfninni sjálfri.

## 3 Tilvísanir í skjöl

VNL-107 Dagskrá útskriftarathafnar

GÁT-026 Undirbúningur fyrir útskriftarathöfn

## 4 Viðeigandi skrár

Gagnagrunnur skólans www.inna.is, ásamt þeim gögnum sem vísað er á, sem eru í vörslu skrifstofu, áfangastjóra og sviðsstjóra.

Afrit prófskírteina og einkunnaferla fyrir mars 2020 er í möppum á í skjalageymslu skólans merktum Prófskírteini og ferlar. Skírteini gefin út eftir mars 2020 eru vistuð rafrænt í skjalakerfi skólans skv málalykli. Skjal GÁT-026 Undirbúningur fyrir útskriftarathöfn er geymd í skjalakerfi skólans skv málalykli.